

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Dvergasteina á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. september 2007 tillögu að deiliskipulagi við Dvergasteina á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 15. maí 2007 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 7. júní til og með 5. júlí 2007 með athugasemdafresti til og með 19. júlí 2007.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 1. október 2007.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2007